



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
b.t. Guðmundar Inga Guðbrandssonar  
umhverfis- og auðlindaráðherra  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

Reykjavík 4. desember 2017

1511036SA KB/km  
Málalýkill: 00.14

### Efni: Vernd og endurheimt votlendis

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 24. nóvember 2017 var lögð fram fundargerð 28. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 17. nóvember 2017 þar sem fjallað er um vernd og endurheimt votlendis.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

„Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga tekur undir það álit skipulagsmálanefndar að tilefni sé til þess að gefnar verði út leiðbeiningar um á hvern hátt sveitarfélögin geta lagt aukna áherslu á vernd og endurheimt votlendis. Stjórnin hvetur sveitarstjórnir til þess að kynna sér þau tækifæri sem kunna að felast í endurheimt votlendis sem beinni aðgerð stjórnvalda hér á landi til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði og stuðla að líffræðilegum fjölbreytileika í íslenskri náttúru. Þá leggur stjórnin áherslu á að við gerð aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum verði sérstaklega hugað að því að auka fjárhagslega hvata til þess að endurheimta votlendi.“

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri

Afrit: Framkvæmdastjórar sveitarfélaga og landshlutasamtaka